

Nr. 75/1988. Þriðjudaginn 12. júní 1990.
Einar Gunnar Þórhallsson,
Anna Skarphéðinsdóttir og
Kristján Þórhallsson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
 gegn

Péttri Jónassyni,
Kristínu Jónasdóttur,
Hallgrími Jónassyni,
Jóni Árna Sigfússyni,
Valgerði Sigfúsdóttur,
Stefáni Sigfússyni,
Hinriki Sigfússyni,
Þorláki Jónassyni og
Sigurgeiri Jónassyni

(Eiríkur Tómasson hrl.).

Dómsátt. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1988 með vísan til 36. gr. laga nr. 75/1973. Málinu var áður skotið til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. sama mánaðar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, en var hafið á dómþingi 2. mars 1988.

Áfrýjendur krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þau sýknuð af kröfum stefndu Péturs Jónassonar, Kristínar Jónasdóttur, Hallgríms Jónassonar, Jóns Árna Sigfússonar og Valgerðar Sigfúsdóttur og að þessi stefndu verði dæmd til að greiða þeim málskostnað in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Pétur Jónasson, Kristín Jónasdóttir, Hallgrímur Jónasson, Jón Árni Sigfússon og Valgerður Sigfúsdóttir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Jafnframt krefjast þau þess, að áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Stefán Sigfússon, Hinrik Sigfússon, Þorlákur Jónasson

og Sigurgeir Jónasson hafa látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti, en hafa ekki uppi kröfur í málinu.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir því, hver aðdragandi var að sátt þeirri, sem áfrýjendur telja, að komist hafi á í réttarhaldi á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 26. ágúst 1985. Stefndu Pétur, Kristín, Hallgrímur, Jón Árni og Valgerður undirrituðu hvorki sáttina né veittu samþykki sitt til hennar. Verður ekki á það fallist með áfrýjendum, að þeir stefndu, sem undirrituðu sáttina, hafi haft heimild samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði til að ráðstafa sakarefni því, sem til meðferðar var, svo að bindandi væri fyrir þá sameigendur, sem ekki undirrituðu sáttina.

Þá verður heldur ekki á það fallist með áfrýjendum, að samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur hafi falist í málflutningsumboði lögmanns stefndu heimild til að leiða málið til lykta með réttarsátt.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Það athugast, að lögbann var lagt á 23. júní 1986 samkvæmt úrskurði fógeta, sem kveðinn var upp 21. sama mánaðar.

Svo sem sakarefni í máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Framangreind dómsátt er ógild.

Lögbann það, sem á var lagt 23. júní 1986, er staðfest.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 15. apríl 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 15. apríl, var í aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins af Halldóri Kristinssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 92/1986: Pétur Jónasson, Kristín Jónasdóttir, Hallgrímur Jónasson, Jón Árni Sigfússon og Valgerður Sigfúsdóttir gegn Einari Gunnari Þórhallssyni, Önnu Skarphéðinsdóttur, Kristjáni Þórhallssyni, Stefáni Sigfússyni, Hinriki Sigfússyni, Þorláki Jónassyni og Sigurgeiri Jónassyni.

Mál þetta var dómtekið 20. mars 1987. Það var höfðað fyrir aukadómþinginu og þingfest 3. september 1986. Stefnubirting fór fram 28. júní 1986. Stefnendur eru Pétur Jónasson, nnr. 7099-7185, Kristín Jónasdóttir, nnr. 5759-4039, bæði Vogum II, Hallgrímur Jónasson, nnr. 3670-7380, Hólmum, Jón Árni Sigfússon, nnr. 5181-6897, Víkurnesi, öll í Mývatnssveit, og Valgerður Sigfúsdóttir, nnr. 9128-0728, Sólbrekku 26, Húsavík, eigendur Voga II og III að hluta til, og stefndu Einar Gunnar Þórhallsson, nnr. 1841-3571, Anna Skarphéðinsdóttir, nnr. 0374-1001, bæði Vogum I, Kristján Þórhallsson, nnr. 5892-5559, Björk, Stefán Sigfússon, nnr. 8360-5758, Hinrik Sigfússon, nnr. 4147-8896, báðir Vogum III, Þorlákur Jónasson, nnr. 9674-4374, Vogum IV, og Sigurgeir Jónasson, nnr. 7932-8561, Vogum II, öll í Mývatnssveit, eigendur Voga I, II, III og IV.

Dómkröfur.

Stefnendur gera þær kröfur fyrir dóminum, að sátt, gerð fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu 26. ágúst 1985, verði ógilt, en hún hljóðar svo:

„Skifti verða eins og skiftagerð yfirlandsnefndar er með þeirri breytingu að hluti Voga I stækkar með línu úr SA-horni markalínu milli lands Voga I og II í Auðnalandi, bein lína þaðan í hellur neðan við Randaviksgarð við veg. Þaðan bein lína að þjóðvegi, syðst við Hraunnef sbr. syðstu punktalínu á dskj. nr. 9.

Girðing vestan vegar í landi Voga II milli Langavogs og Auðnagarðs verði færð 3 metrum fjær því sem hún nú er nyrst í landinu og bein lína í hliðstaur syðst í landinu, fyrir 20. okt. n.k., og eigi báðir aðilar frjálšan umferðarrétt um svæðið milli girðingar og vegar.

Kostnaður við flutning girðingar skiftist jafnt milli beggja aðila.

Hvor aðili greiðir sínum lögmanni hans kostnað en aksturskostnaður vitna skiftist milli beggja aðila.

Með þessari sátt eru niður fallin aukadómþingsmálin nr. 17 og 20/1984.“

Þá krefjast stefnendur staðfestingar á lögbanni, sem lagt var við girðingarvinnu stefndu Einars Gunnars Þórhallssonar, Önnu Skarphéðinsdóttur og Kristjáns Þórhallssonar, sem byrjuð hafi verið hinn 21. júní 1986, umhverfis land það, sem þannig er lýst í greindri sátt: „...með línu úr SA-horni markalínu milli lands Voga I og II í Auðnaland, bein lína þaðan í hellur neðan við Randaviksgarð við veg. Þaðan bein lína að þjóðvegi, syðst við Hraunnef, sbr. syðstu punktalínu á dskj. nr. 9“.

Að lokum krefjast stefnendur þess, að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu málskostnaðar til stefnenda og að skaðlausu.

Stefndu krefjast þess að verða alfarið (sic) sýknuð af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Með bréfi dags. 22. júní 1980 til sýslumanns Þingeyjarsýslu fóru Stefán, Hinrik og Jón Árni Sigfússynir þess á leit, að skipt yrði óskiptu sameignarlandi jarðarinnar Voga í Mývatnssveit. Í framhaldi af þeirri beiðni fóru fram landskipti, sem skotið var til yfirlandskipta. Mál var höfðað, þar sem krafist var, að yfirlandskiptagerðinni yrði hrundið. Undir rekstri þess máls var lagt lögbann við girðingarframkvæmdum samkvæmt yfirlandskiptagerðinni og staðfestingarmál höfðað. Þessi tvö mál voru sameinuð og sátt sú, sem hér er krafist ógildingar á, gerð í því máli. Nauðsynlegt er að rekja aðalefnisatriði þessara málaferla til þess að gera grein fyrir, um hvað þau snerust.

— — —

Aukadómþingsmálið nr. 17/1984.

Einar Gunnar Þórhallsson, Anna Skarphéðinsdóttir og Kristján Þórhallsson höfðuðu þessu næst mál með stefnu, útgefinni 23. maí 1984, á hendur Hinriki Sigfússyni, Stefáni Sigfússyni, Valgerði Sigfúsdóttur, Sigurgeiri Jónassyni, Péttri Jónassyni, Kristínu Jónasdóttur, Hallgrími Jónassyni, Þorláki Jónassyni og Jóni Árna Sigfússyni. Stefnendur í því máli kröfðust þess, að yfirlandskiptagerðinni yrði hrundið. Helstu málsástæður þeirra voru þessar:

1. Landskiptanefnd hafi ekki skipt landi í samræmi við beiðni þá, sem vitnað er til hér að framan og er dags. 22. júní 1980. Það sé ekki rétt, að samkomulag hafi orðið með eigendum um að skipta á annan hátt.

2. Þau telja, að komin hafi verið hefð á það, hvernig land það, sem tekið var til skipta, var nýtt af eigendum.

3. Þá telja þau sig ekki hafa fengið jafngott land og aðrir eigendur við landskiptin.

Lögmaður allra varnaraðila var Örn Clausen hrl. Málsástæðum stefnenda var af þeirra hálfu vísað á bug og því haldið fram, að engar marktækar röksemdir væru fyrir kröfum stefnenda. Ekki væri annað að sjá en að yfirmatið hefði farið fram á óaðfinnanlegan hátt og krafist sýknu af kröfu um, að því yrði hrundið. Mál þetta var aukadómþingsmálið nr. 17/1984 og var þingfest 27. júní 1984.

Aukadómþingsmálið nr. 20/1984.

Hinn 23. ágúst 1984 var úrskurðað að kröfu Kristjáns Þórhallssonar, Önnu Skarphéðinsdóttur og Einars Gunnars Þórhallssonar, að lagt væri lögbann við girðingarframkvæmdum í samræmi við yfirmatsgerðina. Staðfestingarmál lögbannsins var aukadómþingsmálið nr. 20/1987.

Dómsátt 26. ágúst 1985.

Í réttarhaldi 26. ágúst 1985 voru þessi tvö framangreind aukadómþingsmál sameinuð með vísan til 70. gr. laga nr. 85/1936. Í lok þess réttarhalds var gerð sátt sú, sem krafist er ógildingar á, í því máli, sem hér er til meðferðar. Undir sáttina skrifuðu Kristján Þórhallsson, Einar Þórhallsson, Stefán Sigfússon, Leifur Hallgrímsson, eftir umboði, Sigurgeir Jónasson, Hinrik Sigfússon og Þorlákur Jónasson. Eftir að bókunin hafði verið upplasin og játuð rétt bókuð, rituðu lögmenn aðila, þeir Örn Clausen hrl. og Björn Jósef Arnviðarson hdl., nöfn sín undir.

Með bréfi til sýslumannsembættisins í Þingeyjarsýslu, dags. 14. sept. 1985, mótmæltu stefnendur sáttargerðinni. Þar segir: „Við viðurkennum ekki þann grundvöll sem leiddi til samkomulags í landskiptamáli no. 17 og 20/84, við málf lutning á Húsavík 26/8 1985. ...Við mótmælum því, að það sé tekið land úr óskiptri sameign jarðarinnar og það færst stefnendum til eignar kvaðalaust, þótt vitað sé fyrir, að þeirra hlutur sé stærstur í viðkomandi skiptalandi.

Við teljum þetta algjörlega ólöglegt athæfi án vitundar okkar og undirskriftar.

Þess vegna krefjumst við þess, að málf lutningi verði tafarlaust fram haldið, sem frá var horfið og dæmt í þessum málum sem allra fyrst.“

Lögbann 21. júní 1986.

Að kröfu stefnenda í máli þessu var með úrskurði 21. júní 1986 lagt lögbann við girðingarframkvæmdum stefndu Einars G. Þórhallssonar, Önnu Skarphéðinsdóttur og Kristjáns Þórhallssonar umhverfis land það, sem í sáttinni var bætt við land það, sem koma skyldi í hlut Voga I samkvæmt yfirlandskiptagerðinni. Eins og áður er tekið fram, er í málinu krafist staðfestingar á lögbanni þessu.

Málsástæður.

Eins og fram hefur komið, eru málsástæður stefnenda þær, að þau hafi hvorki undirritað, samþykkt né gefið umboð til undirritunar sáttarinnar. Þau hafi strax lýst ágreiningi sínum út af sáttinni. Þau séu því óbundin af henni, og í staðfestingarmáli þessu sé gerð krafa um ógildi sáttarinnar, sbr. 1. tl. 5. gr. eml. Efnisatriði sáttarinnar sé utan við kröfugerð í aukadómþingsmálunum, og þar sem svo hafi verið, hafi bein þátttaka stefnenda við gerð sáttarinnar verið nauðsynleg þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 2. gr. eml.

Meginástæður stefndu Einars Gunnars Þórhallssonar, Önnu Skarphéðinsdóttur og Kristjáns Þórhallssonar eru þær, að sáttin sé bindandi fyrir alla málsaðila, jafnt stefnendur og stefndu. Stefnendur hafi átt þess kost að mæta í réttarhaldinu 26. ágúst 1985. Þótt þau hafi ekki gert það sjálf,

hafi lögmaður þeirra og samaðilar þeirra mætt fyrir þau. Með vísan til 46. gr. eml. nr. 85/1936 verði að telja, að samaðilar stefnenda í réttarhaldi þessu hafi haft umboð til að ganga frá sátt, sem bindandi væri fyrir stefnendur. Ljóst hafi verið, að allir aðilar hafi litið svo á, þegar gengið var frá sáttinni. Sami rökstuðningur sé fyrir því, að synja beri um staðfestingu á lögbanni frá 23. júní 1986, þar sem lagt er lögbann við því, að þau reisi girðingar í samræmi við sáttina.

Við þingfestingu málsins var mætt af hálfu stefndu Þorláks Jónassonar, Sigurgeirs Jónassonar, Hinriks Sigfússonar og Stefáns Sigfússonar og lögð fram eftirfarandi yfirlýsing: „Við undirritaðir ábúendur í Vogum í Mývatnssveit krefjumst þess hér með að samkomulag það sem gert var 26. ágúst 1985 á dómþingi á Húsavík um landskipti í Vogum verði dæmt ógilt, þar sem samkomulagið hefur verið brotið með því að hefja girðingarframkvæmdir út fyrir þá línu sem samið var um. Munum við ekki halda uppi vörnum í ógildingarmáli um samkomulagið sem Jón Árni Sigfússon ofl. hafa höfðað.“

Niðurstaða.

Stefnendur í máli því, sem hér er rekið, voru aðilar að aukadómþingsmálunum nr. 17 og 20/1984. Þau mættu ekki sjálf í því réttarhaldi, sem sáttin var gerð í, og fór lögmaður þeirra með málflutningsumboð fyrir þau skv. 4. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur. Í málflutningsumboði felst ekki heimild til að gera sátt, sem er andstæð vilja umbjóðandans og hann hefur ekki gefið umboð til, að gerð verði, sbr. Hrd. LV, bls. 148.

Af bókun sáttarinnar og þeirri málsástæðu, sem stefndu Kristján Þórhallsson, Anna Skarphéðinsdóttir og Einar Gunnar Þórhallsson bera fyrir sig í málinu, verður ráðið að ætlunin hafi verið að leiða landskiptadeiluna til lykta með aðferð, sem styddist við heimild í 46. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Ekki verður fallist á þennan skilning, heldur ræðst það af réttarreglum um sameignina, hvaða gildi þessi ákvörðun hefur gagnvart þeim sameigendum, sem ekki tóku þátt í henni. 46. gr. eml. verður því ekki túlkuð á þann veg, að fyrir dómi verði vikið frá þeim réttarreglum. Af ákvæðum 5. og 16. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941, leiðir, að til þess að samkomulag um landskipti geti talist bindandi, verða allir sameigendur hins óskipta lands að vera sammála.

Með þessum rökum ber að taka til greina kröfu stefnenda um ógildi sáttarinnar.

Jafnframt ber að taka til greina kröfu um staðfestingu á lögbanni við girðingarframkvæmdum í samræmi við sáttina.

Eftir málsúrslitum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 140.000.

D ó m s o r ð:

Dómsátt frá 26. ágúst 1985, sem rakin er að framan, er ógild.

Staðfest er lögbannsgerð frá 21. júní 1986 við girðingarframkvæmdum umhverfis land það, sem þannig er lýst í greindri sátt: „...með línu úr SA horni markalínu milli lands Voga I og II í Auðnaland, bein lína þaðan í hellur neðan við Randavíksgarð við veg. Þaðan bein lína að Þjóðvegi, syðst við Hraunnef sbr. syðstu punktalínu á dskj. nr. 9“.

Stefndu, Einar Gunnar Þórhallsson, Anna Skarphéðinsdóttir, Kristján Þórhallsson, Stefán Sigfússon, Hinrik Sigfússon, Þorlákur Jónasson og Sigurgeir Jónasson, greiði in solidum stefnendum, Pétri Jónassyni, Kristínu Jónasdóttur, Hallgrími Jónassyni, Jóni Árna Sigfússyni og Valgerði Sigfúsdóttur, kr. 140.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.
